

D ó m s o r ð :

Landamerkjalyýsingin frá 18. ágúst 1952 staðfestist sem rétt merkjagerð milli Hesjuvalla og Kífsár. Bæjarstjórnin á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar greiði þeim Þorkeli Björnsyni og Vilhjálmi Jónassyni málskostnað, kr. 1700.00 til hvors, og þóknun meðdómendanna þannig: Valdimar Pálssyni kr. 700.00, Hólmgeiri Þorsteinssyni kr. 550.00 og Jónasi Snæbjörnsyni kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1955.

Nr. 25/1953. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Halldóri Kiljan Laxness (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn ákvæðum gjaldeyrislaga.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem í héraðsdómi greinir og þar eru færð til réttra refsíákvæða, þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Kiljan Laxness, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Lárusar Jóhannessonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1800,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. september 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er af ákærvaldsins hálfu samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 8. maí 1952, höfðað gegn Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, til heimilis Gljúfrasteini í Mosfellssveit, fyrir brot gegn 13. gr. laga nr. 70/1947 um fjárhagsráð o. fl. og 25. gr. reglugerðar um sama efni nr. 82/1947 til refsingar samkvæmt 22. gr. nefndra laga og 39. gr. nefndrar reglugerðar og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 23. apríl 1902, og hefur, svo að vitað sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík.

1942 17/11 Dómur lögregluréttar. 1000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 127/1941.

1943 9/6 Dómur Hæstaréttar í framangreindu máli. Sýknaður.

1948 10/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. nóvember 1948 ritaði yfirséðanefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf til dómsmálaráðuneytisins, þar sem vakin var athygli þess á því, að ákærði, Halldór Kiljan Laxness, hefði ekki talið fram til skatts neinar tekjur vegna útgáfu ritverka sinna erlendis, en yfirséðanefndin taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að hann hefði haft tekjur af útgáfu verka sinna í sumum löndum Evrópu. Þess var og getið í bréfinu, að rithöfundurinn hefði sjálfur upplýst, að hann hefði haft um 100 þúsund dollara tekjur af útgáfu bóka sinna í Bandaríkjunum, en hann hefði jafnframt látið þess getið, að verulegur hluti þeirrar upphæðar hefði gengið til greiðslu kostnaðar og skatta erlendis. Enn fremur var á það bent, að ákærði mundi ekki hafa skilað erlendum bönkum þeim erlenda gjaldeyri, sem hann hefði eignast, en geymt hann í erlendum bönkum og notað hann ýmist til að mæta kostnaði við útgáfu verka sinna, til eigin þarfa erlendis eða ráðstafað honum með óþekktum hætti.

Með bréfi, dagsettu 1. marz 1949, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið, að þegar skyldi hefja rannsókn út af meintu broti ákærða á gjaldeyrislöggjöfinni, og hófst hún 9. sama mánaðar. Skýrði ákærði þá frá því, að hann hefði gert samning við fyrirtækið George

Allen & Unwin í London um útgáfu á bókunum Sólku Völku og Sjálfstæðu fólki, en afrit af þeim samningi hefur verið lagt fram í málinu. Ákærði sagði, að fyrirtæki þetta hefði allviðtækan rétt til að semja við önnur erlend útgáfufyrirtæki í Evrópu og Ameríku um útgáfu bóka sinna, og hefði meðal annars selt útgáfufyrirtæki í Bandaríkjunum, að nafni Knopf, útgáfuréttinn að Sjálfstæðu fólki fyrir milligöngu útgáfumiðlunarfélags í sama landi, að nafni Curtis Brown Ltd. Ákærði neitaði því, að hann hefði nokkru sinni fengið 100 þúsund dollara fyrir útgáfu á verki eftir sig í Bandaríkjunum, en kveðst hafa heyrt, að Knopf hefði selt öðru fyrirtæki hluta upplagsins af Sjálfstæðu fólki fyrir þessa upphæð.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði ákveðnar prósentur af sölu bóka sinna í Bandaríkjunum eins og í öðrum löndum, og kvaðst hann geta ráðið því, hvort peningar þeir, sem hann þannig fengi fyrir útgáfu verka sinna á vegum George Allen & Unwin, væru lagðir inn á hans reikning í banka í landi því, sem salan færi fram í, eða yfirfærðir til Englands, svo framarlega sem gjaldeyrishömlur ekki bönnuðu.

Ákærði skýrði enn fremur frá því í réttarhaldi 2. apríl 1949, að lagðir hefðu verið inn á reikning sinn í Bank of the Manhattan Company í New York \$29.000.00 á árunum frá 1946. Af þeirri upphæð taldi hann, að \$19.000.00 hefðu farið í skatta. Af réttarskjali nr. 20, bréfi frá Curtis Brown Ltd., má sjá, að netto tekjur ákærða árið 1946 voru \$7501.05 og árið 1947 \$2460.18, eða alls \$9961.23 bæði árin.

Af réttarskjali nr. 5 virðist mega sjá, að innstæða ákærða í Bank of the Manhattan Company hafi verið \$3540.62 hinn 31. desember 1948. Mismuninum kveðst ákærði hafa varið þannig, að árið 1947 fékk hann innflutningsleyfi án gjaldeyris til kaupa á bifreið, er kostaði \$1370, og \$1100 kveðst hann hafa eytt til ferðalaga í útlöndum haustið 1948. Afganginum, \$3950.61, kveður hann hafa verið varið til þess að greiða fyrir þýðingar á bókum sínum og til að greiða ýmsum umboðsmönnum í Bandaríkjunum og víðar. Ekki verður séð með neinni vissu, hvenær greiðslur þessar hafa farið fram. Af réttarskjali 5 má og sjá, að 18. janúar 1949 eru teknir út \$266.00 úr reikningi ákærða í nefndum banka, og þykir mega ætla samkvæmt frásögn ákærða, að þeim hafi verið varið á sama hátt og fyrrnefndum \$3950.61. Innstæða ákærða í Bank of the Manhattan Company 18. jan. 1949 er samkvæmt sama skjali \$3274.62, og er ekkert upplýst um, að innstæðan hafi verið skert síðan.

Af bréfi George Allen & Unwin, dags. 19. ágúst 1949, fylgiskjal með réttarskjali nr. 22, sést, að tekjur ákærða af útgáfu bóka hans á spönsku, ítölsku og finnsku árin 1947 og 1948 hafa numið £88-10-4. Verður ekki séð, að upphæð þessari hafi verið ráðstafað enn. Hefur ekki tekizt að afla nákvæmari upplýsinga um þessi atriði.

Í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir að hafa ráðstafað án

heimildar gjaldeyrisyfirvalda og fyrir að nafa ekki afhent til íslenskra banka 9961.23 bandaríska dollara, að frádregnum \$1370.00, er hann varði til kaupa á amerískri fólksbifreið, eða \$8591.23. Áður er víkið að því, að ákærði muni hafa ráðstafað \$3950.61 af upphæð þessari vegna útgáfustarfsemi sinnar erlendis, en þar sem ekki er sannað, að upphæð þessari hafi verið eytt á tveim síðustu árunum, áður en rannsókn hófst í máli þessu, verður að telja, að saknæmi ráðstöfunarréttarins á þessum hluta sé fyrnt samkvæmt 81. sbr. 82. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 og ber að sýkna ákærða af ákærunni, hvað þessa ráðstöfun snertir. Hins vegar verður rétturinn að líta svo á, að með ráðstöfun sinni á \$1100.00 til ferðalaga í útlöndum haustið 1948 og ráðstöfun sinni á \$266, sem teknir voru út úr bankanum 18. janúar 1949, hafi ákærði gerzt brotlegur við 13. gr. laga nr. 70/1947 og 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947. Ber þá á það að líta, að ákærði gerði gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna enga grein fyrir greiðslum þessum. Eins og áður er sagt, er ekki upplýst, að ákærði hafi ráðstafað áður nefndum £88-10-4, eða innstæðu sinni í Bank of the Manhattan Company, \$3274.62, en ekki verður heldur séð, að hann hafi skilað íslenskum bönkum gjaldeyri þessum. Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 13. gr. i. f. laga nr. 70/1947 og 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Refsing ákærða samkvæmt 22. gr. nefndra laga og 39. gr. nefndrar reglugerðar þykir hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Rannsókn máls þessa hefur dregið allmikið. Stafar það bæði af því, að ákærði hefur verið langdvölum erlendis, svo og vegna þess, að upplýsinga þurfti að leita víðsvegar að, en svör bárust seint og í sumum tilfellum engin. Hinn 3. ágúst 1951 heimilaði dómsmálaráðuneytið að afgreiða málið með réttarsætt. Vegna dvalar ákærða erlendis var ekki mögulegt að hafa samband við hann fyrr en í marz, er hann var kominn aftur heim, en þá neitaði hann að játast undir sektargreiðslu nema svo lága, að ekki þótti fært að afgreiða málið þannig. Var þá málið sent dómsmálaráðuneytinu að nýju til fyrrisagnar. Loks hefur uppkvaðning dóms dregið vegna mikilla embættisanna.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Halldór Kiljan Laxness, greiði 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonr hrl., 700.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1955.

Nr. 18/1954. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Elíasi Gunnlaugssyni (Theodór B. Líndal).

Dómenður:

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði þykir ekki hafa gerzt sekur við 2. mgr. 31. gr. siglingalaga nr. 56/1914, en að öðru leyti eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Gunnlaugsson, sæti varðhaldi 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.